



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð

55. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 27. febrúar 2015 kl. 15:00 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mættir:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson

Kópavogsbær:

Ása Richardsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Ófeigur Friðriksson

Garðabær:

Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Ólafur Ingi Óskarsson

Seltjarnarnesbær:

Bjarni Torfi Álfþórsson og Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðison

Einnig sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

1. Umsögn Skipulagsstofnunar við auglýsta tillögu að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og tillögur fagráðs að svörum við henni

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir svaraði fyrirspurnum um umsögn Skipulagsstofnunar. Hrafnkell Á. Proppé, fór yfir tillögur fagráðs svæðisskipulagsnefndar við umsögn Skipulagsstofnunar.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd þakkar Ásdísi Hlökk fyrir greinargott samtal um umsögn Skipulagsstofnunar. Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að gera tillögur fagráðs við svörum við umsögn Skipulagsstofnunar að sínum.

2. Drög að tillögum fagráðs við svörum við öðrum athugasemdum

Hrafnkell Á. Proppé, gerði grein fyrir stöðu yfirferðar fagráðs á öðrum athugasemdum.

Niðurstaða:

Frestað til næsta fundar.

3. Drög að þróunaráætlun 2015 – 2018, 1. áfanga

Hrafnkell Á. Proppé, kynnti frumdrög að þróunaráætlun. Búið er að uppfæra mannfjöldaspánna m.t.t. uppfærslu Hagstofunnar. Út frá mannfjöldaspánni er búið að áætla íbúðapörf. Búið er að setja fram fyrstu tölur um uppbyggingaráform sveitarfélaga og dreifingu nýrra íbúða um höfuðborgarsvæðið.

Niðurstaða:

Drög að þróunaráætlun verða lögð fyrir svæðisskipulagsnefnd til afgreiðslu á næsta fundi.

4. Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030, lýsing aðalskipulagsgerðar

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri Garðabæjar og Árni Ólafsson skipulagsráðgjafi kynntu lýsinguna á síðasta fundi nefndarinnar.

Niðurstaða: .

Svæðisskipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við lýsingu aðalskipulagsgerðar Garðabæjar.

Svæðisskipulagsnefnd bendir Garðabæ á að nú liggja fyrir uppfærð mannfjöldaspa höfuðborgarsvæðisins.

Næsti fundur svæðisskipulagsnefndar verður haldinn föstudaginn 27. mars kl. 15:00.

Fundi slitið kl. 17:15.